

Nd.

495. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um laun tveggja kennara Flensborgarskólans.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Eins og drepið var á við fyrri umr. málsins í hv. deild, þá sendi fjárveitinganefnd hæstv. stjórn málið til álits. Nú hefir stjórnin sent nefndinni umsögn sína, og fylgir það brjef prentað hjer sem fylgiskjal.

Meiri hluti fjárveitinganefndar fellst á röksemdafærslu stjórnarinnar yfirleitt og vill ráða háttv. deild frá að samþykkja tillöguna. Getur ekki álitist rjett, að landssjóður fari að veita biðlaun starfsmönnum stofnana, sem ekki eru landsstofnanir, ekki sist þar sem landsstjórn hefir enga hönd í bagga með ráðningu eða uppsögn starfsmannanna.

Alþingi, 12. júlí 1918.

Pjetur Jónsson,
formaður.

Magnús Pjetursson,
skrifari.

Jón Jónsson. Sigurður Stefánsson. Matth. Ólafsson. Þorl. Jónsson.

Fylgiskjal.

STJÓRNABRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík, 8. júlí 1918.

Jafnframt því að endursenda hinni háltvirtu fjárveitinganefnd hjálagt erindi 2ja kennara Flensborgarskólans, þeirra Lárusar Bjarnasonar og Janusar Jónssonar, sem fylgdi brjefi nefndarinnar 28. f. m., skal það tekið fram, að stjórnarráðið getur ekki mælt með umsókn kennaranna, með því að hjer er að ræða um kennara við privatskóla, sem að eins nýtur styrks af landsfje. Landsstjórnin hefir engin afskipti af ráðningu kennara nje heldur uppsögn af hálfu skólastjórnar. Viðvikjandi öðrum þessara kennara, Lárusi Bjarnasyni, skal það tekið fram, að honum hefir verið veittur styrkur sá, sem heimilaður er

í fjárlögum þetta ár til utanfarar barnakennurum, og mun það hafa verið ætlun hans að fara utan með haustinu.

Samkvæmt framansögðu sjer stjórnarráðið ekki, að það geti að öðru leyti látið mál þetta taka til sín.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.

Til fjárveitinganefndar neðri deildar Alþingis.